

Verkmenntaskólinn á Akureyri



Kennslukönnun og úrvinnsla fyrir rýni stjórnenda fyrir haustönn 2017

Skýrsla þessi er hluti af rýni stjórnenda fyrir haustönn 2017
Verkmenntaskólinn á Akureyri
Anna María Jónsdóttir tók saman
Janúar 2018

Kennslukönnun á haustönn 2017

Samkvæmt 40. og 41. gr. laga um framhaldsskóla frá árinu 2008 skal hver framhaldsskóli meta kennslu og gæði skólstarfsins með kerfisbundnum hætti. Mennta- og menningarmálaráðuneytið lætur síðan gera úttekt á sjálfsmatsaðferðum skóla á fimm ára fresti.

Verkmenntaskólinn á Akureyri gerir áfanga- og kennslumat á meðal nemenda skólans á hverri önn samkvæmt verklagi í gæðahandbók VMA (sjá VKL 402). Aðrar úttektir á námi og kennslu eru gerðar á hverri önn eins og líst er í sjálfsmatsáætlun hvers skólaárs t.d. áfangaskýrslur, framvindumat og ýmsar samantektir á árangri nemenda. Annað hvert ár er gerð þjónustukönnun á meðal nemenda þar sem spurt er um ýmsa aðra þætti en kennslu og nám í einstaka áföngum.

Niðurstöður þessara kannanna eru notaðar til að mæla gæðamarkmið skólans er lúta að kennslu áfanga og líðan nemenda.

Tilgangur áfanga- og kennslukannanna er að kanna hvernig til hafi tekist í áfanganum og í skólstarfinu með það að markmiði að bæta það sem betur má fara. Allir kennarar fá eigin niðurstöður úr kennslukönnunum birtar í gegnum Innu og eru niðurstöður hvers kennara ræddar í starfsmannviðtali við skólameistara eða aðstoðarskólameistara. Hvert fag/braut fær niðurstöðu deildar/brautar sem rædd er á fag-/brautarfundum og er fundagerð skilað til skólameistara. Þá fer gæðaráð skólans yfir heildarniðurstöður kennslukönnunar hvernar annar.

Fag- og brautarstjórar ásamt öðrum stjórnendum hafa forgöngu um að nýta niðurstöður kannanna til að bæta faglegt starf innan skólans og tryggja þannig að nemendur fái þá kennslu sem lagt er upp með innihaldi áfanga og nýttar séu þær kennsluáðferðir sem best hæfa námi nemenda.


Kennslukannanir eru gerðar á hverri önn og er 1/3 af áföngum skólans inni í hverri könnun. Því þarf samanlagt meðaltal 3ja anna til að fá meðaltal skólans.

Kennslukönnun á haustönn 2017 fór fram í október og nóvember. Nemendur í þeim áföngum sem voru í úrtaki voru spurðir út í kennara, kennslu og áfangann. Á haustönn 2017 voru áfangar og kennarar á eftirfarandi brautum/fögum í úrtakinu: málmsmíðabraut, enska, vélstjórnargreinar, háriðngreinar, bifvélavirkjun og íþróttir. Könnunin var unnin í gegnum Innu og fengu nemendur tölvupóst frá aðstoðarskólameistara með upplýsingum um könnunina. Alls voru sendar út 1648 kannanir og fengust 755 svör eða tæplega 46% svörun sem er 6% aukning frá fyrri önn. Nemendur fengu ítrekun í tölvupósti tvisvar sinnum en lítið var farið í stofur til að biðja nemendur að svara könnuninni.


Alls var spurt um 30 kennara og 67 áfanga. Hægt er að nálgast niðurstöður einstaka áfanga inni á kannanakerfi Innu sem aðstoðarskólameistari hefur aðgang að.

Samkvæmt **gæðamarkmiðum VMA** er stefnt að því að 85% nemenda svari spurningunni:

Aðstaða til náms og kennslubúnaður (tæki og tól) í áfanganum eru viðunandi með því að svara frekar sammála eða mjög sammála. Í kennslukönnun í VMA á haustönn 2017 svara 94% nemenda spurningunni frekar sammála eða mjög sammála. Meðaltal þriggja anna, haustannar 2017 (94%), vorannar 2017 (94%) og haustannar 2016 (93%) er 93.6%. Þannig að gæðamarkmið VMA við þessari spurningu nást.¶



Samkvæmt **gæðamarkmiðum VMA** er stefnt að því að 85% nemenda svari spurningunni: Á heildina litið er ég ánægð(ur) með kennsluna í áfanganum með því að svara frekar sammála eða mjög sammála. Í kennslukönnun í VMA á haustönn 2017 svara 90% nemenda spurningunni frekar sammála eða mjög sammála. Vorönn 2017 svara 91% nemenda spurningunni Á heildina litið er ég ánægð(ur) með kennsluna í áfanganum með því að svara frekar sammála eða mjög sammála. Meðaltal haustannar 2016 (88%), vorannar 2017 (91%) og nú haustannar 2017 (90%) við þessari spurningu er 89.7% þannig að gæðamarkmið VMA við þessari spurningu nást miðað við meðaltal síðustu þriggja anna.



Eftirtaldir kennarar voru í áfangamati á haustönn 2017.


Anke Maria Steinke(AMS), Anna Berglind Pálmadóttir(ABP), Árný Ingveldur Brynjarsdóttir(ÁB), Ásdís Sigurvinsdóttir(ÁSD), Borghildur F Blöndal(BBL), Björk Pálmadóttir(BPÁ), Bragi Finnbogason(BFI), Bragi Sigurður Óskarsson(BSÓ), Elías Þorsteinsson(ELÍ), Erna Hildur Gunnarsdóttir(EHG), Guðjón Ólafsson(GÓL), Guðmundur Trausti Hermannsson(GTH), Gunnar Möller(GMG), Hannesína Scheving Skarphéðinsdóttir(HAN), Harpa Birgisdóttir(HAR), Haukur Jónsson(HAJ), Hildur Salína Ævarsdóttir(HSÆ), Hinrik Þórhallsson(HPÓ), Hörður Óskarsson(HSK), Hreiðar Eiríksson(HRE), Ingimar Árnason(ING), Jóhann Björgvinsson(JÓB), Jóhann Gunnar Jóhannsson(JGJ), Jónas Jónsson(JÓJ), Karen Malmquist(KMQ), Kristján Þ Kristinsson(KPK), Ólafur Hartwig Björnsson(ÓLB), Stefán Finnbogason(STF), Vilhjálmur G Kristjánsson(VIL), Þóra Björg Eiríksdóttir(BJE).

Eftirtaldir áfangar voru í áfangamati á haustönn 2017.

BRAF3RH05, BUR1024, BVHR3BV02, BVHR3EK05, BVHR3VT03, BVPL2GV03, EFMA1JS04, ENSK1LO05, ENSK1LR04, ENSK1OM03, ENSK2LS05, ENSK2RM05, ENSK3FV05, ENSK3MB05, ENSK3VG05, ENSK3VV05, GRUN1FF04, GRUN2ÚF04, HÁRG1GB02A, HÁRG2GB02C, HEIL1HD02, HEIL1HD04, HEIL1HN04, HKLI1GB03A, HKLI2GB03C, HLGS2SF04, HLIT1GB01A, HLIT2GB01C, HÖSK2SS05, HPEM1GB02A, HPEM2GB02C, HREY1AH01, HREY1BO01, HREY1JÓ01, HREY1SU01, HREY1ÚT01, IÐNF1GB04A, IÐNF2GB04C, ITE11GB05A, ÍPRF2PB03, ÍPRF3BL05, ÍPRG1ÚT03, ÍPRG2PS03, ÍPRG3HB03, ÍPRG3LB03, ÍPSN3ÍY03, KÆL3024, KÆLI2VK05, LOGS1PS03, RAFS1SE03, RAMV2MJ05, RAT2536, REIT2AR05, SJÓR2ÁS05, SMÍÐ1NH05, SMÍÐ3SS05, STJR3ÁS01, VÉLF1AE05, VÉLS1GV05, VÉLS2TK05, VÉLS3VK05, VFR3136, VFR4124, VINS2GB03A, VÖK1024, VTÆ1224, VTÆ2024.


Kennarinn er vel undirbúin(n) þegar hann kemur í kennslustundir

1. Mjög sammála 66% (553/839)
2. Frekar sammála 30% (249/839)
3. Frekar ósammála 4% (30/839)
4. Mjög ósammála 1% (7/839)




Kennarinn hefur elft leikni mína og hæfni í námsgreininni

1. Mjög sammála 52% (438/836)
2. Frekar sammála 35% (293/836)
3. Frekar ósammála 9% (79/836)
4. Mjög ósammála 3% (26/836)




Kennarinn heldur góðum vinnufriði í kennslustundum

1. Mjög sammála 55% (459/836)
2. Frekar sammála 36% (302/836)
3. Frekar ósammála 7% (56/836)
4. Mjög ósammála 2% (19/836)




Ég get leitað til kennarans t.d. ef ég skil ekki námsefnið

1. Mjög sammála 67% (562/836)
2. Frekar sammála 25% (207/836)
3. Frekar ósammála 5% (44/836)
4. Mjög ósammála 3% (23/836)




Kennarinn gerir námið áhugavert

1. Mjög sammála 47% (390/837)
2. Frekar sammála 35% (295/837)
3. Frekar ósammála 12% (101/837)
4. Mjög ósammála 6% (51/837)




Kennarinn gerir námið áhugavert

1. Mjög sammála 47% (390/837)
2. Frekar sammála 35% (295/837)
3. Frekar ósammála 12% (101/837)
4. Mjög ósammála 6% (51/837)




Samskipti mín við kennarann hafa verið góð

1. Mjög sammála 65% (544/835)
2. Frekar sammála 27% (226/835)
3. Frekar ósammála 6% (52/835)
4. Mjög ósammála 2% (13/835)




Kennarinn notar fjölbreyttar kennsluaðferðir

1. Mjög sammála 41% (345/835)
2. Frekar sammála 40% (336/835)
3. Frekar ósammála 15% (123/835)
4. Mjög ósammála 4% (31/835)




Ég stunda námið í áfanganum samviskusamlega (skila verkefnum á réttum tíma, er virk/virkur í hópastarfi, tek þátt í umræðum í tímum og fl.)

1. Mjög sammála 57% (473/835)
2. Frekar sammála 36% (297/835)
3. Frekar ósammála 7% (60/835)
4. Mjög ósammála 1% (5/835)




Aðstaða til náms og kennslubúnaður (t.d. kennslustofa, tæki og tól) í áfanganum eru viðunandi

1. Mjög sammála 57% (479/834)
2. Frekar sammála 37% (306/834)
3. Frekar ósammála 4% (37/834)
4. Mjög ósammála 1% (12/834)




Námshæfni (bækur, vefsíður, verkefnahefti o.f.l.) í áfanganum eru viðunandi

1. Mjög sammála 57% (473/824)
2. Frekar sammála 36% (297/824)
3. Frekar ósammála 6% (49/824)
4. Mjög ósammála 1% (5/824)




Á heildina litið er ég er ánægð(ur) með kennsluna í áfanganum

1. Mjög sammála 58% (482/830)
2. Frekar sammála 32% (266/830)
3. Frekar ósammála 7% (57/830)
4. Mjög ósammála 3% (25/830)



Kennarinn mismunar ekki nemendum

1. Mjög sammála 67% (551/827)
2. Frekar sammála 24% (201/827)
3. Frekar ósammála 5% (40/827)
4. Mjög ósammála 4% (35/827)



Ábendingar sem þú vilt koma á framfæri um áfangann, kennara eða kennsluna.

- Að fara aðeins hægar yfir
- Æðislegur kennari, mjög vingjarnleg og áhugasöm á bæði efninu og nemendum.
- Ætti að gera námið meira spennandi og ekki mismuna nemendum og hjálpa ekki bara "þú reddar þessu eða fellur"
- Allar þessar kynningar eru ekki sniðugar, þær gera mig stressaða og maður lærir hvort sem er ekkert af þeim.
- Allt fullkomið
- alltaf að lesa sem er mjög tilgangslaust
- XX er yndislegur kennari! Það er alltaf gaman og notarlegt að enda daginn á jóga hjá henni :).
- bara flottur
- Bara góður
- XX er flottur kennari, gerir námið áhugavert.

- XX er rugludallur á jákvæðann hátt. Gott að hafa eitt stykki kennara sem fær mann til að hlægja og á sama tíma heldur manni uppteknum við námið og gerir það skemmtilegt.
- Dónalegur
- Dónalegur við nemendur
- ég á mjög erfitt með ensku og mér finnst því erfitt að vera hjá XX þar sem XX tekur ekki þeim skilningi að ég eigi erfitt með að læra ensku
- Ég er ekkert betri í námsgreininni vegna þess að ég er of fær.
- Ég og XX erum buddies. og spurning 8. fjölbreyttar kennsluáðferðir er heimskuleg spurning, á hann að nota power point sýningu og í næsta tíma rappa eins og hann sé emmsjú gauti?
- ekkert
- Ekkert honum að kenna svosem, langt síðan hann kenndi og hann er að gera sitt besta. Því miður eru tímarnir ekki góðir.
- Ekkert sem mér dettur í hug
- ekkert sérstakt
- Ekkert, áfanginn gengur vel
- Ekki hægt að setja út á neitt!
- Ekki vera svona leiðinlegur við nemendur sína
- Er farið í gegnum námið heldur hratt, en skil það alveg vegna breytingar á áföngum. Varðandi spurningu 11: Finnst erfitt að læra á danska bók þegar það er bara einn dönsku áfangi sem maður er látin taka, sérstaklega erfitt með tækniorðin á dönsku. En annars er allt annað frábært.
- Er með of mörg og fjölbreytt verkefni og fer allt of hratt yfir. Maður nær ekki að anda aðeins til að fara vel yfir verkefnið svo að maður skilja það örugglega og vita að þú sért að gera rétt. Með of fjölbreytt verkefni í hverjum einasta tíma. Í staðinn fyrir að einblína á eitthvað ákveðið í tíma og fara vel í það og fara í næsta námsefni í næsta tíma.
- Farið of hratt yfir efnið og þeir sem eiga erfitt með ensku ná ekki að fylgja eftir. Alls ekki nægur tími í prófum / spurningaverkefnum úr skáldsögu.
- Ég hef ekki lært mikið nýtt af því að við förum mjög hratt yfir. Gefur alls ekki nægan tíma fyrir próf og þá er maður stressaður að klára og þar af leiðandi getur maður ekki gert allt eins og maður getur
- Finnst mjög óþægilegt að geta ekki fengið að gera eitthvað annað en að fara í salnum þar sem eg er með ofsakvíði og liður mjög illa í íþróttatímum
- Gefa nemendum tíma til að mæta og án þess að fá seint
- Gerir allt gott!!
- Góður kennari
- XX er afar fær kennari sem kennir áfangan vel.
- XX kennir áfangann mjög vel.
- Halda settri stefnu, hún virkar mjög vel.
- Hann er svo leiðinlegur við alla og með dónaskap við alla
- Hann fer mjög hratt yfir efnið og maður nær ekki að halda uppi hvað hann er að segja, reyni að glósa eins og ég get en það er erfitt þar sem hann fer mjög hratt yfir efnið
- Hann þarf að skipta í lið sem eru jöfn
- XX er flottur kennari, gerir námið áhugavert og hefur kennt mér ótrúlega margt :)
- XX er flottur kennari, sanngjörn og kemur efninu vel frá sér.
- XX er jákvæð og flott
- Hef ekki verið að mæta mikið út af kvíða og þannig dóti. Mun reyna að bæta mig sem fyrst <3

- Hef oft fundist eins og hann sé að deyja úr leiðindum við að kenna þetta. Er þó að færast líf í hann eftir því sem tíminn líður.
- Heldur sér ekki við viðfangsefnið, fer að tala um allt aðra hluti sem skipta ekki máli og tengjast faginu ekki neitt.
- XX er dásamleg, gerir námið áhugavert, alltaf hress og skemmtileg.
- XX er glæsileg, mætir alltaf hress í tíma. Búin að fara yfir ótrúlega margt áhugavert í þessum áfanga.
- Hjálpa meira og ekki mismuna nemendum
- XX á sín leiðinlegu moment en er oftast mjög fínn :)
- Horfir alltaf upp í loftið á með hún kennir.
- hún er mjög skemtileg og kemurm með fjölbreyt efni í tíma
- Hún hefur ekki elft leikni mína eða hæfni í faginu því ég kunnir allt sem við höfum verið að læra.
- hún útskýrir námsefnið vel.
- XX er frábær gæji og allt það, ég hef bara engann áhuga á þessu námsefni.
- Kennarinn er pirraður því eg er ekki með fartölvu, eg a ekki efni a að kaupa mer. En hun sættir sig nokkurn vegin við það að eg fai að nota bókasafns tölvuna.
- Kennslan er góð. Áfanginn er samt þínu erfiður.
- XX er mjög góður kennari, kennir þennan áfanga vel og nær mjög vel til nemenda.
- XX veit alveg hvað hann er að tala um þegar kemur að faginu.
- Láta nemendur hafa aðeins minna frelsi
- Leiðinlegur áfangi
- Lítil vinnufriður
- Litlar, mer lyst með vel á áfangann og kennarann
- Maðurinn er langt a eftir sínum samtíma í kennsluáðferðum. Harkan og hálfger hroki fer ekki alltaf vel í mann. En hann heldur uppi ákveðnum aga og hann er hreinskilinn sem getur verið einmitt það sem sumir nemendur þurfa að heyra. En mér finnst hann heldur fljótur að dæma nemendur til dauða.
- mæddi vera miklu meira vinnufrið í tímum.
- Mæta aðeins fyrr ;)
- Mætti fá fleiri verkefni á moodle, æfingaverkefni
- Mætti vera líflegri
- Meistari
- Mér finnst áfangarnir haldast illa í hendur
- Mér finnst þetta fارانlegir kennsluhættir miðað við aðra áfanga, það eru engin skilaverkefni eða neitt sem pressar á mann, bara námsáætlun sem að hann segir að við verðum að fylgja heima og ef við lendum í basli heima þá eigum við að leita aðstoðar í kennslustundum. Ég hélt að skólinn væri þannig að við ættum að læra eins mikið og hægt væri í SKÓLANUM og svo ef það væri eitthvað sem að stæði út af eftir kennslustundir þá myndi maður gera það heima en ekki akkúrat öfugt. Mér finnst að það ætti að vera einhver skilaverkefni líka sem að myndu halda smá pressu á nemendum. Mér finnst líka alveg fارانlegt að það sé verið að notast við erlendar kennslubækur þegar það eru komnar út íslenskar kennslubækur fyrir þennan áfanga. Er það ekki bara þverska í gömlum kennara sem að er alltaf búinn að kenna þessa bók og ætlar bara að halda því áfram. Ég get allvegana sagt það fyrir mig að mér finnst XX alveg nógu krefjandi þannig að mér finnst nú ekki þurfa að bæta því ofan á hana að læra annað tungumál um leið.
- Mér finnst þetta mjög skemmtilegur og góður áfangi, kennari setur fram skyndipróf sem eru krefjandi og skemmtileg á sama tíma.
- Mér fyndist að skólinn ætti að eiga teikniborð til útláns.
- Mér persónulega finnst við fara of hratt yfir efnið
- Mjög ahugalaus um að kenna okkur namsefnið

- Mjög ánægð með með kennarann og kennsluna, mjög ánægð með hvað það er lagt mikið í kennsluna.
- Mjög finn
- Mjög gaman :)
- Mjög góður kennari byr til skemmtilegar umræður um efnið
- Mjög góður kennari og búinn að vera mjög almennilegur og liðlegur við mig í ljósi aðstæðna.
- Mjög góður kennari, kemur efninu einstaklega vel til skila
- Mjög pirrandi að þegar geta ekki fengið hjálp með því að rétta upp hönd heldur þeir sem kalla hæst fá bara hjálp
- Moodle síðan mætti vera með fleiri glærur sumt að því sem er þarna er fra 2015
- Of létt
- Setja heimavinnuna á innu
- skemmtilegir tímar og fínasti kennari
- Skil ekki eitt eða neitt í þessum áfanga.
- Soun á tíma. Kennarinn eyðir tíma í að láta nemendur lesa upphátt texta sem er ekki eitthvað sem hjálpar mér ekki. Kennarinn ætti að finna sér annað starf þar sem að hann eyðir mestum tíma í að þrasa eða gera lítið úr nemendum. Með verri fögum sem ég hef tekið á minni skólagöngu.
- Tala minna úr glærum og geri fleiri dæmi a töflu
- Til fyrirmyndar
- Verulega góður kennari
- við sitjum ekki í loftinu heldur sitjum við á gólfinu svo kannski hún mætti líta aðeins meira á gólfið heldur en loftið
- XX er mjög góður kennari og kennir XX vel.
- það mætti vera miklu meira vinnufríð í tímum. og það mundi vera gott ef kennari mundi fara miklu hægar yfir verkefni.
- þetta er erfitt og skil oft ekki hvað a að gera.

Ábendingar um það sem þér finnst jákvætt við áfangann og/eða kennarann:

- *thumbs up*
- að læra ný orð í ensku
- Að það er oftast skemmtilegt
- Æðilsegur andi í tímum og kenir mjög vel
- Áhugaverður áfangi
- Áhugavert
- Áhugavert fag og kennslan góð.
- Allt sko.
- alltaf stundvís, fjölbreit verkefni og góður mórall
- XX er best í heimi <3
- XX er frábær kennari og gerir námsefnið mjög skemmtilegt
- Bara fínt
- Bara fjör
- XX nær að gera þennan áfanga mjög spennandi og fjölbreyttan.
- XX er ströng og er góð í að halda reglu í kennslustundum.
- XX er uppáhalds kennarinn minn. Hress og skemmtilegur í tímum. Alltaf tilbúinn að hjálpa.
- XX gerir sér grein fyrir að það eru margir íþróttarmenn í áfanaganum sem þyrftu alls ekki að mæta í þessa tíma vegna mikilla æfinga utan skóla tíma og gerir þar að leiðandi okkur mun þreyttari á okkar eigin æfingum og leyfir okkurað taka því rólega fyrir keppnir. Þetta ætti klárlega að vera einsog í MA að nemendur fái eigin æfingar hjá þjálfurum metnar í staðin fyrir verklega hlutan á íþróttum.

- Efnið mætti vera erfiðara, meira einstaklingsmiðað.
- Ég hef bilaðan áhuga á náminu en hvernig það fer fram er voða óspennandi og kennir manni lítið
- eins og ég sagði áðan er XX er yndislegur kennari! en það mætti bæta við fleyri teppum og jóga kubbum!
- Enska skemmtileg. Kennarinn frábær :)
- XX er alveg yndisleg. Skipulögð, kennir námsefnið vel og er undirbúin í drasl :)
- Fjölbreytt og skemmtilegt
- Flottur kennari, mætir alltaf hress og skemmtileg í tíma.
- Frábær kennari og nær vel til mín, gott að geta lært hvernig maður á að setja upp ritgerð
- Frábær kennari.
- Frábær kennsla og mjög góður að ná til nemenda
- Frábær og skemmtileg og gerir námið/„æfingarnar“ skemmtilegar með skemmtilegum aðferðum!
- Gaman að sjóða
- Gengur mjög vel, hann stóð sig vel að fá leyfi til að kenna í skólunum og samskipti okkar við hann og skólana hafa verið mjög góð
- Góð hreyfing almennt
- Góð kennsla. Áhugavert fag.
- Góður í að útskýra.
- Góður kennari og skemmtilegur áfangi
- Gott að spjalla við hana. Viðræðugóð.
- XX er mjög góður kennari.
- XX er mjög góður kennarir og utskyrir namið vel
- Hann dagaskiptur oft virkilega finn. Fer eftir hvernig hann fór fram úr
- Hann er æði
- Hann passar alltaf að hafa tvenna boltaleiki í gangi svo fólk getur valið það sem þeir hafa meiri áhuga á :)
- Hann sinnir öllum nemendum og góður að sýna manni ef maður er að gera eitthvað vitlaust.
- XX er hress og jákvæð
- XX er jákvæð, og alltaf tilbúin að hjálpa einstakling ef vantar aðstoð.
- XX er dásamleg, sýnir okkur mikla virðingu og gerir námið áhugavert.
- Hingað til hefur þessi áfangi verið mjög góður, kennarinn er góður og á stórt hrós skilið
- hún XX er algjort æði ekki breytast
- Hun gerir allt mjög skemmtilegt, leiðinlegustu sögur verða skemmtilegar og skiljanlegar þegar hun les þær
- hun kann að kenna okkur og lætur okkur ekki ráða henni
- Hvað hún er alltaf hress og reynir að brjóta tíman upp.
- Hvað það er gaman í tímum.
- XX er alltaf tilbúinn að vera lengur og hjálpa ef þess þarf.
- XX er mega næs gaur, mætti kenna eitthvað áhugaverðara og/eða skemmtilegra
- XX er oft fyndinn.
- XX er mjög góður kennari og sýnir krökkum með vandamál í náminu skilning og aðstoðar þau
- XX er skemmtilegur :)
- XX er flott og stendur sig vel
- Kennari er mjög vitur um fagið og skip yfir höfuð
- Kennarinn er fljótur að koma sér í verk.
- Kennarinn er hress og lífgar upp á tímann en á sama tíma góður agi

- Kennarinn er náttúrliga bara frábær. Yfirvegaður og magnaður. Útskýrir vel og með allt á hreinu
- Kennarinn er skemmtilegur og manni líður vel í tímum hjá henni.
- Kennarinn fer vel yfir efnið og kann vel á krakkana
- Kennarinn veit augljóslega margt og mikið um fagið sem gerir kennsluna enn þá betri
- Komið er með áhugaverðar og fjölbreyttar umræður í tíma.
- XX er frábær kennari. Alltaf tilbúinn að hjálpa. Kennir og útskýrir mjög vel.
- Mætti vera smá meira líflegri í kennslu
- Meistari
- Mér finnst gott hvað XX er hress og hvað það er gott að tala við hann. Ef eittvað klikkar hjá manni þá er hann alltaf til í að hjálpa til við að redda því.
- Mér finnst skipta miklu máli að kennarinn sýni að við séum eingöngu að læra fyrir okkur sjálf og að ábyrgðin sé okkar. Enskukennarinn minn hefur leyft okkur að fara úr tíma til að vinna ritgerðir og mér finnst það sýna traust og að við stjórnnum okkar námi að vissu leyti sjálf.
- Mér hefur ekkert fundist teikningar skemmtilegt fag en þessi önn hefur verið alveg ágæt, og ekki get eg fundið eitthvað neikvætt um kennarann
- Mikið meira lagt í kennsluna hér heldur en í gamla skólanum mínum og er ég mjög ánægð með það
- Miklir fagmenn og stutt í grínið sem gerir kennsluna mjög skemmtilega
- Mjög gaman í tímum
- Mjög gaman, skemmtilegur kennari
- Mjög góður kennari
- Mjög góður kennari og rólegur áfangi
- Mjög gott að hafa þennan tíma í lok dags
- Mjög gott fyrir líkamann :)
- XX er frábær kennari. Mjög vænn.
- Skemmtileg fjölbreyttni
- Skemmtilegar verklegar ípróttir bæði niður í þreksal og í naustaskóla
- Skemmtilegur áfangi með skemmtilegum kennara.
- Skemmtilegur kennari og kennir fagið vel
- Skemmtilegur kennari, sangjarn og gaman að vera í tímum hjá henni
- XX er mjög skemmtilegur kennari með húmor.
- stundvísi, fjölbreitni og almen skemmtun
- Sýnir skilning við þá sem geta ekki gert allt
- Tekur þátt, er undirbúinn og þekkir námsefnið vel
- verklegt er skemmtilegt.
- Voða notarlegt að vera í þessum áfanga og ekkert rosalega mikið stress..
- Það er allt gott.
- Það er alltaf hægt að fá aukahjálp hjá XX, hann virkilega leggur sig fram og lætur sig það varða hvernig gengur hjá okkur.
- Það er ekki brjáláð að gera. Fin verkefni og viðráðanleg.
- það er ekki mikið stress í loftinu sem auðveldar námið
- það er gaman í tímum
- Það er góður vinnufriður en samt ekki óþægilega mikil þögn, bara mjög "kósí" tímar
- það er gott að hafa öll þessi tæki í salnum
- það er virkilega gaman í tímum
- Þessir tímar eru æðislegir og eru í uppáhaldi hjá mér og XX er mesta yndi og hjálpar mér mikið.